

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Stofnun Ólafs Ragnars Grímssonar.

1. gr.

Heimili og varnarþing.

Stofnun Ólafs Ragnars Grímssonar er sjálfseignarstofnun sem hefur heimili og varnarþing í Reykjavík. Stofnunin starfar skv. lögum nr. 19/1988.

2. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að skapa vettvang fyrir alþjóðlega samvinnu um málefni Norðurslóða og önnur brýn alþjóðleg viðfangsefni. Henni er ætlað að vera hreyfiafl í þágu framtíðarkynslóða á vettvangi alþjóðlegrar samvinnu, loftslagsmála, sjálfbærni, nýsköpunar, hreinnar orku, friðar, framfara og annarra mikilvægra dagskrárefna.

Stofnunin vinnur að byggingu húsnæðis í Reykjavík sem verður framtíðarheimili Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle Foundation og aðsetur annarrar alþjóðlegrar og innlendrar starfsemi, rannsóknna, vísinda og fjölþjóðlegra verkefna sem tengjast stofnun Ólafs Ragnars Grímssonar. Húsnæðið hýsi þá starfsemi sem lýst er í þessari skipulagsskrá.

Markmiðum stofnunarinnar skal náð með framlögum og styrkjum sem ráðstafað er til verkefna í samræmi við 3. gr.

3. gr.

Starfsemi.

Stofnunin skal vinna með aðilum sem sinna verkefnum tengdum Norðurslóðum og alþjóðlegum viðfangsefnum, með áherslu á loftslag, auðlindir, umhverfi, orku, hafsvæði, frið, framfarir og réttindi samfélaga og svæða. Þá getur stofnunin haft frumkvæði að verkefnum á þessum sviðum eða öðrum og annast þau.

Heimilt er að stofna sérstakt félag um byggingu og rekstur húsnæðis stofnunarinnar, eftir atvikum í samvinnu við aðra aðila.

Gera skal ráð fyrir starfsemi í húsnæðinu sem þjónað geta markmiðum stofnunarinnar, á borð við:

1. Skrifstofuþjónustu og aðsetri fyrir alþjóðleg samstarfsverkefni, stofnanir og samtök frá ríkjum eða svæðum.
2. Aðstöðu fyrir frumkvöðla, nemendur, fræðimenn og fyrirtæki.
3. Fyrirlestrarsölum, fundaraðstöðu og móttökurýmum.
4. Aðstöðu fyrir sýningar.

Heimilt er að setja upp starfsstöðvar fyrir stofnunina utan Reykjavíkur, bæði innanlands og erlendis til lengri eða skemmri tíma, enda samrýmist það markmiðum hennar.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur eru:

- Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle Foundation, kt. 530918-0170.
- Forsætisráðuneytið, kt. 550169-1269.
- Háskóli Íslands, kt. 600169-2039.
- Háskólinn á Akureyri, kt. 520687-1229.
- Háskólinn í Reykjavík ehf., kt. 510105-4190.

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna Stofnunar Ólafs Ragnars Grímssonar.

5. gr.

Stofnframlag og tekjur.

Stofnframlag, kr. 2.000.000, kemur að jöfnu frá þeim stofnendum sem tilgreindir eru í 4. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- a. Vextir og tekjur af eignum.
- b. Fé og annað verðmæti sem lagt er til stofnunarinnar.

Stjórn stofnunarinnar ber ábyrgð á fjárvörslu hennar. Móttaka framlaga skal háð samþykki stjórnar.

6. gr.

Stjórn.

Hlutverk stjórnar er að halda utan um starfsemi stofnunarinnar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og velur sér formann og ritara, að höfðu samráði milli forsætisráðherra og formanns Hringborðs Norðurlóða – Arctic Circle Foundation. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé í réttu og góðu horfi og sjálfbærni rekstrar sé tryggð.

Stjórnarmenn skulu vera sjö talsins. Tveir stjórnarmenn skulu skipaðir af forsætisráðuneyti. Einn stjórnarmaður skal vera skipaður af utanríkisráðuneyti. Tveir stjórnarmenn skulu vera skipaðir af háskólum sem eru stofnaðilar skv. 4. gr. til skiptis þannig að við fyrstu skipun stjórnar séu fulltrúar Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands skipaðir, því næst Háskólans á Akureyri og Háskólans í Reykjavík og þar á eftir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Tveir stjórnarmenn skulu skipaðir af stjórn Hringborðs Norðurlóða – Arctic Circle Foundation

Stjórnarmenn eru skipaðir til fjögurra ára í senn og geta þeir að hámarki setið þrjú skipunartímabil. Verði breyting á skipan stjórnarmanna skal nýr stjórnarmaður ljúka skipunartíma fyrri stjórnarmanns.

Formaður stjórnar skal boða til stjórnarfundar og skulu þeir vera að minnsta kosti þrjú á ári. Stjórnin getur sett sér starfsreglur sem hafa að geyma nánari fyrirmæli um starfsemina. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi tök á að fjalla um málið. Halda skal fundargerðir um það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórn er heimilt að setja á fót ráðgjafaráð sem skipað er fulltrúum hagsmunaaðila og er stjórn til ráðgjafar um starfsemi stofnunarinnar. Þá skal mynda sérstakt ráð alþjóðlegra samstarfsaðila.

Hverjum stjórnarmanni er heimilt að krefjast þess að ákvörðun um stefnumarkandi mál sem ekki er einhugur um í stjórn skuli frestað til næsta fundar og skal samráð fara fram um málið á milli forsætisráðherra og formanns stjórnar Hringborðs Norðurlóða áður en næsti fundur er haldinn.

Stjórnin ræður forstöðumann og aðra helstu starfsmenn. Hún mótar árlega meginlínur starfseminnar og gerir áætlanir um framtíðarverkefni. Forstöðumanni ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar nauðsynlegar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar. Stjórn samþykkir ársreikninga.

Stjórn hefur heimild til að skuldbinda stofnunina og veita öðrum umboð vegna afmarkaðra verkefna.

7. gr.

Endurskoðun og reikningar.

Stjórn skal ráða endurskoðanda til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár.

Reikningsár stofnunarinnar skal vera almanaksárið og er fyrsta reikningsár frá stofnun hennar og til næstu áramóta.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá.

Breytingar á skipulagsskrá þessari verða einungis gerðar með samþykki aukins meirihluta stjórnar. Til að sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna. Slíkt skal bera skriflega undir sýslumanninn á Norðurlandi vestra. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hreinni eign hennar varið til starfseminnar sem tilgreind er í 3. gr.

9. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Staðfesting sýslumannsins Norðurlandi vestra skal leitað á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 4. nóvember 2021,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.